

REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1375/2013
að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS-staðal 39.**

1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til í lið 10ba í XXII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2014, frá 16. maí 2014, um breytingu á XXII. viðauka (Félaga-réttur) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XXII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1375/2013 frá 19. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS-staðal 39.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) nr. 1375/2013 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 36/2014, 12. júní 2014 bls. 240.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2014 er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 127. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal gilda fyrir félög sem skylt er eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðureikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 13. júní 2014.

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

Valgerður Rún Benediktsdóttir.

Harpa Theodórsdóttir.

Fylgiskjal.**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 108/2014****frá 16. maí 2014****um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1374/2013 frá 19. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinnna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 36 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1375/2013 frá 19. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinnna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 39 ⁽²⁾.
- 3) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32013 R 1374**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1374/2013 frá 19. desember 2013 (Stjtið. ESB L 346, 20.12.2013, bls. 38),
– **32013 R 1375**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1375/2013 frá 19. desember 2013 (Stjtið. ESB L 346, 20.12.2013, bls. 42).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1374/2013 og (ESB) nr. 1375/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 346, 20.12.2013, bls. 38.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 346, 20.12.2013, bls. 42.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa
formaður.

B-deild – Útgáfud.: 27. júní 2014